

Innritun

Verzlunarskólinn var settur miðvikudaginn 19. ágúst síðastliðinn að loknu ströngu innritunarferli. 522 nemendur sóttu um pláss í 3. bekk (1. námsári) og varð að vísa rúmlega 200 nemendum frá. Þetta var mjög sárt því mjög margir þeirra eru góðir námsmenn og eiga fullt erindi í skólann. Nemendur sem luku grunnskólanum í vor eru fyrsti árgangurinn sem ekki tók samræmd próf í 10. bekk. Þeir sem hafa fylgst með fjölmiðlum hafa ekki farið varhluta af umræðunni um réttmæti þess að taka nemendur inn í framhaldsskóla á grundvelli skólaeinkunna. Margir hafa haldið því fram að lítið sé að marka þessar einkunnir og að nemendur geti ekki staðið undir þeim. Kennarar eru þó almennt sammála um að fyrstu dagarnir gefi ekki vísbendingu til annars en að nýnemar skólans séu ákveðnir í að standa undir þeim einkunnum sem þeir fengu í lok grunnskóla.

Þessa önn stunda 1244 nemendur nám við Verzlunarskólann í 49 bekkjadeildum og verður skólinn því ansi þéttsetinn í vetur og nokkrir bekkir fjölmennari en æskilegt er. Samsetning og fjöldi í bekkjum er eftirfarandi:

Bekkur	Fjöldi nemenda	Fjöldi stúlkna	Fjöldi stráka
3. (1. námsár)	315	196 (62,2%)	119 (37,8%)
4. (2. námsár)	341	204 (59,8%)	137 (40,2%)
5. (3. námsár)	306	172 (56,2%)	134 (43,8%)
6. (4. námsár)	282	164 (58,2%)	118 (41,8%)
Samtals	1244	736 (59,2%)	508 (40,8%)

Fundur með foreldrum og forráðamönnum nýnema

Foreldrafundur fyrir foreldra/forráðamenn nýnema verður haldinn í skólanum **mánudaginn 7. september nk. kl. 20:00**. Dagskráin verður með svoltið breyttu sniði því fundurinn í ár verður að nokkru leyti helgaður átak-

sverkefninu Áfengislaus 3. bekkur. Í upphafi fundar mun skólastjóri fara í stuttu máli yfir ýmis atriði sem lúta að námi við skólann en að því loknu verður fræðsla um verkefnið. Að vanda verður foreldrum og

forráðamönnum boðið að hitta umsjónarkennara í kennslustofum í lok fundar. Gert er ráð fyrir að umsjónarkennarar hvers bekkjar ræði við alla foreldra/forráðamenn samtímis.

Reglur sýnilegar í stofum.

Nokkur umræða hefur verið meðal kennara og starfsfólks að bæta þurfi vinnufrið og umgengni í kennslustofum. Hvoru tveggja hefur áhrif á gæði kennslunnar og líðan nemenda í skólanum. Reglurnar eru einfaldar og skýrar og ættu allir að geta sammeinast um þær.

- Í kennslustund er eingöngu leyfilegt að vera með námsgögn sem notast á við í tímanum á borðinu. Yfirhafnir, töskur, farsímar eða námsgögn úr öðrum fögum skulu ekki vera þar.
- Notkun farsíma er ekki heimil í tímum. Síminn skal stilltur á „hljóðlaust“ (Silent).
- Nemendur skulu ekki borða í tímum.

- Borð í stofunni skulu vera í samræmi við skólareglur, þ.e. tvö og tvö saman.
- Nemendur skulu hafa vinnufrið í tímum og sjá til þess að heimastofa þeirra sé snyrtileg í lok dags.

Reglurnar verða hengdar upp í öllum stofum.

Dagsetningar sem vert er að hafa í huga

Það er alltaf gott að varða leiðina að jólafríinu með dagsetningum sem hafa áhrif á skólastarfið. Haustönn fjarnámsins hefst núna 8. september og stendur innritun sem hæst nú um mundir. Hægt er að skrá sig á heimasíðu skólans: www.verslo.is/fjarnam. Haustfríð verður að þessu sinni dagana 23. – 26. október. Próf í dagskóla og fjarnámi hefjast mánudaginn 30. nóvember og lýkur þeim með sjúkraprófum mánudaginn 14. desember. Einkunnaafending og prófsýning fara fram föstudaginn 18. desember. Skóladagatalið er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Skiptinemar

Undanfarin ár hefur skólinn tekið á móti nokkrum skiptinimum. Í ár tókum við á móti þremur skiptinimum. Um er að ræða þrjá piltar sem eiga það sameiginlegt að vera langt að komnir. Þeir heita Rafael frá Brasilíu, Andrea frá Ítalíu og Narat frá Tailandi. Við bjóðum þá hjartanlega velkomna og vonum að þeim líði vel hjá okkur.